

4. gr.

Forstjóra er heimilt að veita afslátt á gildandi gjaldskrá ef um er að ræða fyrirfram samningsbundnar rannsóknir eða rannsóknarverkefni, sem hafa vísindalegt eða almennt hagnýtt gildi.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 64 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, til þess að öðlast gildi 1. júlí 1981 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá yfir efna- og gerlarannsóknir, er Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annast, nr. 330 18. júní 1980.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. maí 1981.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Ingiimar Einarsson.

12. júní 1981.

Nr. 280.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 100/1973, um eyðingu svartbaks og hrafns, með áorðnum breytingum.

1. gr.

9. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Drátt fyrir ákvæði 1., 2. og 3. gr. reglugerðarinnar er heimilt að fela veiðistióra og allt að 8 trúnaðarmönnum hans að nota í tilraunaskyni fenemal og tríbrómetanól til fækkunar hrafni og svarthaki og öðrum skaðlegum mávategundum, þó ekki í Kjósarsýslu, Borgarfjarðarsýslu, Mýrasýslu, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, Dalasýslu, Barastrandarsýslum, Ísafjarðarsýslum og Strandasýslu. Aðgerðir þessar skulu miðaðar við að koma í veg fyrir beint tjón af völdum fugla. Veiðistjóri skal hafa samráð um þessar aðgerðir við menntamálaráðuneytið eða sérfræðing sem það tilnefnir að fenginni tillögu fuglafriðunarnefndar. Veiðistjóri og trúnaðarmenn hans sækja um leyfisskírteini til hlutaðeigandi lögreglustjóra og skulu trúnaðarmennirnir láta fylgia umsókn sinni meðmæli frá veiðistjóra. Lyfin skulu þeir kaupa hjá Lyfjaverslun ríkisins. Fyrir lok desembermánaðar ár hvert skulu veiðistjóri og trúnaðarmenn hans gefa ráðuneytinu skýrslu um framkvæmd fækkunarinnar og árangur.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi og gildir til ársloka 1982.

Menntamálaráðuneytið, 12. júní 1981.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Runólfur Þórarinnsson.